

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

381. fundur

Þriðjudaginn 11. desember 2023 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 10:00. Fundurinn var haldinn í fjarfundi

Mætt voru:

Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Dómsmál Teitur gegn Strætó - niðurstaða Landsréttar

Tekið fyrir:

1. Dómsmál Teitur gegn Strætó bs.

Föstudaginn 17. nóvember 2023 kvað Landsdómur upp úrskurð í máli Teits ehf gegn Strætó vegna akstursútboðs frá 2010. Strætó var dæmt til að greiða skaðabætur til Teits. Á síðasta stjórnarfundum var ákveðið að fá álit lögmanns á niðurstöðunni.

Stjórn Strætó ræddi á sérstökum fundi um efnið og hefur ákveðið að leita ekki eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar eftir að hafa vegið gaumgæfilega kosti og galla þess að halda áfram með málið. Að vel undirbúnu máli ákvað stjórnin samhljóða að áframhaldandi málarekstur muni ekki þjóna hagsmunum Strætó og una niðurstöðu Landsréttar og fól framkvæmdastjóra að leita til eigenda Strætó um aukið framlag til að mæta niðurstöðu dómsins.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 10:30.

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson